
Starfsáætlun 2024-2025

Félagsmiðstöðin Igló

Sigurður Pálmarsson
sigurdurp@kopavogur.is

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



Starfsáætlun – Félagsmiðstöðin Igló

Hagnýtar upplýsingar

S: 441 4230 / 696 1621. Netfang: sigurdurp@kopavogur.is

Heimilisfang: Snælandsskóli v. Víðigrund.

Opnunartímar eru: Mánudaga og miðvikudaga kl. 12:30-22:00, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30-16:00 og annan hvern föstudag frá 12:30-16:00 og 20:00-23:00.

Félagsmiðstöðvadaatal

Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðvanna er tilbúið á vorönn hvers árs af forstöðumönnum og deildarstjóra. Tekið er mið af tillögum félagsmiðstöðvaráða og hlutastarfsfólks við gerð dagatalsins.

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 D Þrostfundur	1 F Þróttastand SamtakaFéls	1 S Félagsdagurinn	1 M Nýrsgagnur	1 L	1 L Október / 28	1 D Þrostfundur	1 F Venjulegisdagurinn	1 S Samanstandagurinn
2 F	2 M	2 M	2 L Þróttastand SamtakaFéls	2 M	2 F	2 S	2 S Október	2 M Miðvikudagur Samtaka	2 F Samtaka veisla	2 M
3 L	3 D Þrostfundur - 28 (28)	3 F	3 D Þróttastand SamtakaFéls	3 D Þrostfundur - 28	3 F Þróttastandur / 28.12 / 29.12	3 M	3 M Þróttastandur	3 F	3 L Samtaka söngsönnun	3 D
4 S	4 M	4 F Landshósti Samtaka	4 M	4 M	4 L	4 D Þrostfundur	4 D Þróttastandur / Þrostfundur	4 F	4 S	4 M
5 M Þróttastandur venjuleganna	5 F	5 L Landshósti Samtaka	5 D Þrostfundur - 28	5 F	5 S	5 M	5 M Þróttastandur	5 L	5 M	5 F
6 D	6 F	6 S Landshósti Samtaka	6 M	6 F Þrostfundur	6 M Þróttastandurinn	6 F	6 F	6 S	6 D Þrostfundur - 28	6 F Þróttastandur
7 M	7 L	7 M Þróttastandur / Miðvikudagurinn	7 F	7 L	7 D Þrostfundur	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S Dagur hests	8 D Þrostfundur - 28	8 F Þróttastandur	8 S	8 M	8 L Þróttastandur	8 L	8 D Þrostfundur - 28	8 F	8 S Þróttastandurinn
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M Þróttastandur Samtaka	9 F Þrostfundurinn veisla	9 M Þróttastandurinn veisla
10 L	10 D Þrostfundur - 28	10 F	10 S	10 D Þrostfundur	10 F Þróttastandurinn veisla	10 M	10 M	10 F Þróttastandurinn veisla	10 L Samtaka söngsönnun	10 D
11 S	11 M Þróttastandurinn veisla	11 F Þrostfundur	11 M	11 M	11 L	11 D Þrostfundur - 28	11 D Þrostfundur - 28	11 F Þrostfundur	11 S	11 M
12 M	12 F Þróttastandurinn veisla	12 L	12 D Þrostfundur	12 F	12 S	12 M	12 M Þróttastandurinn veisla	12 L	12 M Þróttastandurinn veisla	12 F
13 D	13 F Þrostfundur	13 S	13 M Þróttastandurinn veisla	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Þróttastandurinn veisla	13 D Þrostfundur	13 F
14 M	14 L	14 M Þróttastandurinn veisla	14 F	14 L	14 D Þrostfundur - 28	14 F Þrostfundurinn veisla	14 M Þróttastandurinn veisla	14 M Þróttastandurinn veisla	14 L	14 L
15 F	15 S	15 D Þrostfundur	15 F	15 S	15 M	15 L Þróttastandurinn veisla	15 L Þróttastandurinn veisla	15 D	15 F	15 S
16 F	16 M Þróttastandurinn veisla	16 M	16 L Þróttastandurinn veisla	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F Þróttastandurinn veisla	16 M
17 L	17 D Þrostfundur	17 F	17 S	17 D Þrostfundur - 28	17 F Þróttastandurinn veisla	17 M	17 F	17 D Þróttastandurinn veisla	17 L	17 D Þróttastandurinn veisla
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 D Þrostfundur	18 D Þrostfundur	18 F Þróttastandurinn veisla	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 D Þrostfundur - 28	19 F	19 S	19 M	19 M Þróttastandurinn veisla	19 L	19 M	19 F
20 D	20 F	20 S	20 M Þróttastandurinn veisla	20 F Þrostfundur	20 M	20 F	20 S	20 D Þróttastandurinn veisla	20 D Þróttastandurinn veisla	20 F
21 M Þróttastandurinn veisla	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D Þrostfundur	21 F	21 F	21 M Þróttastandurinn veisla	21 M Þróttastandurinn veisla	21 L
22 F	22 S	22 D Þrostfundur - 28	22 F Þrostfundurinn veisla	22 S	22 M	22 L	22 L	22 D Þrostfundur - 28	22 F	22 S
23 F Þróttastandurinn veisla	23 M	23 M	23 L	23 M Þróttastandurinn veisla	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F Þróttastandurinn veisla	23 M
24 L	24 D Þrostfundur - 28	24 F Þróttastandurinn veisla	24 S	24 D Þróttastandurinn veisla	24 F Þróttastandurinn veisla	24 M	24 M	24 F Þróttastandurinn veisla	24 L	24 D
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 D Þrostfundur	25 F	25 D Þrostfundur - 28	25 F Þrostfundurinn veisla	25 S	25 M
26 M Þróttastandurinn veisla	26 F Þróttastandurinn veisla	26 L Þróttastandurinn veisla	26 D Þrostfundur	26 F Þróttastandurinn veisla	26 M	26 S	26 M	26 L	26 M	26 F Þróttastandurinn veisla
27 D	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 D Þrostfundur	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 D Þrostfundur - 28	28 F Þróttastandurinn veisla	28 F Þrostfundurinn veisla	28 M	28 D Þróttastandurinn veisla	28 L
29 F	29 S	29 D Þrostfundur	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 D Þrostfundur	29 F Þróttastandurinn veisla	29 S
30 F Þrostfundurinn veisla	30 M	30 M	30 L Þróttastandurinn veisla	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 D Þróttastandurinn veisla	31 F Þrostfundurinn veisla		31 M		31 L	

Starfið í vetur

Í starfinu er lögð áhersla á jafnrétti, sjálfstæði, fjölbreytileika og fordómaleysi. Reynt er að sniða dagskrá þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ýmiskonar hópefli og klúbbastarfer í boði á kvöldopnunum. Einstaklingar sem t.a.m standa höllum fæti félagslega eru hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina af starfsfólki. Áhersla er lögð á að umhverfi Igló sé öruggt fyrir öll þau sem mæta. Miðstigsstarf fer fram á fyrri hluta kvöldopnunar og er skipulagt í samráði við nemendaráð Igló. Félagsmiðstöðin á í samskiptum við skólann og starfsfólk hans varðandi ýmis mál, s.s. viðburði eða einstaka mál nemenda. Reglulegt samstarf við sérdeild skólans varðandi einstaka nemendur. Skóli og tónlistarskóli fá afnot af húsnæði félagsmiðstöðvarinnar fyrir m.a. hljóðfæranám og valgreinar. Reglulegir fundir bæði með námsráðgjafa og skólastjórnendum.

Viðburðir í vetur

Í Igló er skipulögð dagskrá á hverri kvöldopnun t.d. ferðir, hópefli, mót, ofl. Klúbbastarf er flest allt á fyrri kvöldopnunum kl. 17:00-18:30 en einnig dagopnunum ef þannig ber undir.

Igló skipuleggur m.a. jólaball og árshátíð ásamt nemendaráði og í samráði við skóla. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva eru m.a. Félkó böll, Getkó, ÍTK, söngkeppni, skíðaferð og félagsmiðstöðvahátíð.

Hópastarf

Hópastarf í fer oftast fram á fyrri kvöldopnun. Miðað er að safna hópi saman utan um ákveðin áhugamál. Í því starfi skipuleggja unglingarnir sjálf hvað gert er hverju sinni. Hópastarfið er opið öllum áhugasömum. Ef um sértækt hópastarf er að ræða er reynt að safna í hóp með öðrum leiðum, t.a.m með samstarfi við starfsfólk skólans. Farið er eftir gátlista félagsmiðstöðva sem varðar hópastarf af slíku tagi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið eru höfð að leiðarljósi í starfinu. Markmiðin eru sýnileg í félagsmiðstöðinni og hægt að tengja þau hópastarfi.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, prjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður.

Félkó Hinsegin er með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Áætlaðar opnanir einu sinni í viku.

Félkó Velkomin hefur einnig aðsetur í Félkó miðstöðinni. Þar er tekið sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Félkó Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í Velkomin fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi.

Sumaropnun

Eftir skólaslit er félagsmiðstöðin áfram opin fram eftir sumri. Hefðbundnar dag-og kvöldopnanir fyrir unglinga eru færri eða tvisvar í viku. Á mótinu eru smíðjur fyrir miðstig og sértækt hópastarf á daginn. Í sumarstarfi félagsmiðstöðvarinnar eru góð tækifæri til frekara hópastarfs í samstarfi með Vinnuskóla Kópavogs. Þar er möguleiki á að efla unglinga sem annars myndu t.d. vera heima eða sæktu félagsmiðstöð í litlum mæli. Stefnan er að halda svipuðu sniði á næsta ári.

Unglingaráð

Félagsmiðstöðvaráð Igló er opið ráð þar sem öll geta skráð sig. Ráðið hittist a.m.k. einu sinni í viku eftir skóla, skipuleggur saman viðburði félagsmiðstöðvar og ræðir annað sem snertir starf Igló. Fulltrúar Igló sitja einnig í Félkó-ráði félagsmiðstöðvanna og Ungmennaráði Kópavogsbæjar.

Félkó ráð

Í Félkó ráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fullrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Foreldrar fá senda dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í hverjum mánuði auk annara upplýsinga um helstu viðburði þegar á við. Eins er prentvæn dagskrá félagsmiðstöðvarinnar sett á heimasíðu Igló. Haft samband við foreldrafélag og fulltrúa foreldraröls.

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar (frístundadeild) 2023-2024

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns

mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundaþjónustu.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tobaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)


Ytra mat

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk og forsjáraðila. Um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir og forsjáraðilar meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.

Þjónustukannanirnar komu vel út hjá okkur og virðist almenn ánægja með starfið. Þar sáum við þó líka tækifæri til umbóta, en ein ábending snéri að því að finna betri leiðir til að mæta unglingum í sérdeild.


Hvað mætir þú oft í félagsmiðstöðina?

Félagsmiðstöðin er opin 2-3 kvöld í viku ásamt dagopnunum alla daga vikunnar.



Hversu sátt/ur ertu með eftirfarandi atriði

Á skala frá mjög ósátt/ur til mjög sátt/ur, hversu sátt/ur ertu með eftirfarandi liði



Innra mat

Á rýni starfshópsins á starfið, erum við sammála um að auka þyrfti upplýsingaflæði á milli skóla og félagsmiðstöðvar svo hægt sé að kortleggja hópa betur. Með því má t.d. bæta sértækt hópastarf sem lítil mæting hefur verið í.

Umbótaáætlun

- Auka upplýsingaflæði á milli skóla og félagsmiðstöðvar.
 - Ábyrgðaraðili – Forstöðumaður
- Auka og bæta sértækt hópastarf.
 - Ábyrgðaraðili – Forstöðu- og aðstoðarforstöðumaður.
- Mæta betur unglingum í sérdeild.
 - Ábyrgðaraðili – Forstöðu- og aðstoðarforstöðumaður.

Símenntun

Starfsmannafræðslur eru haldnar reglulega sem allt starfsfólk félagsmiðstöðva sækir. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á Starfsdaga Samfés og Samfés Con og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.


Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst Kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst Kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október Kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Þeba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkþæra-kistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkþæra-kistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Fjöldatölur 2023-2024

Fjöldatölur félagsmiðstöðvarinnar eru teknar saman í hverjum mánuði og sendar deildarstjóra. Hér má sjá fjöldatölur frá ágúst 2023 til júlí 2024:



Starfsfólk

Sigurður Pálmarsson - forstöðumaður
Florencia Bugallo Dukelsky - aðstoðarforstöðukona
María Björg Bjarkadóttir – frístundaleiðbeinandi
Gísli Freyr Stefánsson - frístundaleiðbeinandi